

Góða kvöldið.

Í orlofsnefnd eru Vaka Rúnarsdóttir, Ásta Kristjana Jensdóttir og Linda Björg Perludóttir. Einnig situr Rakel Þórðardóttir starfsmaður FOSS fundina.

Samstarf FOSS við Starfsmannafélag Vestmanneyja um orlofsmál hélt áfram á síðasta ári. Stavey á eina íbúð í Kópavogi, eitt sumarhús í Munaðarnesi og eitt sumarhús á Eiðum.

Íbúðin á Spáni var seld síðasta haust. Síðasa sumar var gerð tilraun með að leigja íbúðir á Spáni í eigu einkaaðila. En áhuginn á þeim íbúðum hefur ekki verið í samræmi við væntingar.

Á Akureyri á FOSS eina íbúð við Kjarnagötu. Félagsmenn eru almennt mjög ánægðir með íbúðina. Auk þess sem ákveðið var að leigja sumarhús á Blönduósi.

Húsið í Munaðarnesi hefur verið mjög vinsælt hjá félagsfólki eftir að húsið var tekið í gegn. Eru félagar almennt ánægðir með hvernig til tókst. Við hvetjum féлага til að kynna sér Borganes og það sem vesturland hefur upp á að bjóða fyrir ferðalanga.

Skógarselið er vinsælasti bústaður í eigu FOSS. Er bústaðurinn mikið notaður yfir sumarið og helgarnar eru fullbókaðar yfir vetratímamann. Við minnum á að klappara eru staðsettir utandyra. Þá á að nota ef upp kemur sinueldur á svæðinu. Félagsmenn þurfa alltaf að hafa öryggi sitt í fyrirrúmi. Ekki leggja sig í hættu fyrir húsið. Það fæst bætt en líf og heilsa ekki.

Við viljum minna á að það er hægt að fá afsláttarmiða á skrifstofu FOSS í Skógaböðin á Akureyri og í Kraumu í Borganesi. Auk þess sem félagar í FOSS fá 15% afslátt í Vök Baths við Egilsstaði. Nánari upplýsingar um afsláttinn í böðin er hægt að fá hjá Rakel og Árnýju á skrifstofu FOSS.

Mikil aðsókn er í íbúðirnar í Reykjavík allan ársins hring. Var nýlega skipt um gler í nokkrum gluggum í Ásholtinu og eru áætlaðar þak- og steypuviðgerðir á sjálfri blokkinni við Klapparstíg. Það gæti haft í för með sér óþægindi fyrir gesti en vonandi ekki það miklar að fólk geti ekki dvalið í íbúðinni. Ekki er komin tímasetning á þær viðgerðir.

Aðeins hefur borið á misjafnri umgengni í húsum félagsins og viljum við ítreka að félagsmenn skilji við íbúðina eins og þeir vilja taka við henni. Muna eftir smáum hlutum eins og að henda poka úr kaffivél, tæma rusl við brottför. Vegna þess höfum við útbúið tékklista sem félagsmenn geta haft til hliðsjónar þegar

Þrifið er. Við erum öll umsjónarmenn þess vegna getum við haldið lágu leiguverði og ítrekum að leiga er ekki endurgreidd

Við viljum minna á að ef aðkoman er þannig að ekki er hægt að nota bústaðinn vegna slæmrar umgengni. Í þeim tilfellum þarf að taka myndir og senda félaginu strax og komið er í íbúð eða hús. Þá fer málinu komið í ferli, því það er mjög erfitt að vinna í svona málum nokkrum vikum eftir dvöl.

Þeir sem vilja kaupa þrif þá eru símanúmer og netföng hjá aðilum sem bjóða upp á **Burtfaraprif** á leigusamningnum. Er þessi þjónusta nú þegar í boði í Skógarseli og í íbúðunum í Reykjavík. Símanúmer og tölvupóstur þessa aðila kemur fram á samningnum. Er þetta á kostnað þess félagsmanns sem leigir húsnæðið.

Við hvetjum félagsmenn að lesa vel yfir leigusamning og skilyrði á gjafamiðum sem keypt eru í gegnum Orlofsvef félagsins. Þar er heilmikið af upplýsingum sem nauðsynlegt er að hafa þegar farið er af stað í frí.

Það er enn þá þannig að veiðikort er ekki rafræn heldur eingöngu til sölu á skrifstofunni. Þeir sem ekki komast á skrifstofuna á opnunartíma geta hringt í Árný og Rakel eða sent þeim tölvupóst og fá aðstoð við kaupin.

Ef þið hafið einhverjar spurningar varðandi orlofsmál þá bendi ég ykkur á að hafa samband við skrifstofu FOSS, stelpurnar þar eru alltaf til í að hjálpa ykkur með orlofsmálin.

Takk fyrir mig og eigið gott kvöld.